

1894

Mánudaginn 25. nóvember 1991.

Nr. 323/1989. **Anna Björk Jónsdóttir**

(Jón Hjaltason hrl.)

gegn

Sveini Elfari Lárussyni,

Sigurði Sveinssyni og

Sjóvá-Almennum tryggingum hf.

(Haraldur Blöndal hrl.)

og gagnsök.

Bifreiðar. Miskabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Bjarni K. Bjarnason, Gunnar M. Guðmundsson, Haraldur Henryrson og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 25. ágúst 1989 að fengnu áfrýjunarleyfi 22. sama mánaðar samkvæmt heimild í 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands. Hún krefst þess, að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða sér 2.000.000 króna eða aðra lægri fjárhæð eftir mati Hæstaréttar með 10% ársvöxtum frá 2. febrúar 1987 til 21. sama mánaðar, 11% ársvöxtum frá þeim degi til 14. apríl sama ár, en með hæstu innlánsvöxtum lánastofnana frá þeim degi til 26. maí 1988 og með hæstu dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr., sbr. 15. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags, þó þannig, að tímabilið 1. nóvember 1988 til 1. desember sama ár reiknast 27,2% ársvextir. Hún krefst þess, að vextir leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 1. febrúar 1988. Þá krefst hún málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi stefndu in solidum, sem beri dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Gagnáfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 5. september 1989. Þeir krefjast þess, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og breytt á þá leið, að þeir verði aðeins dæmdir til að greiða hluta hinnar umstefndu fjárhæðar, en málskostnaður falli niður í héraði og fyrir Hæstarétti.

Bifreið gagnáfrýjanda Sigurðar Sveinssonar, R 15030, var á þeim

tíma, er slysið varð, tryggð lögboðinni ábyrgðartryggingu hjá Sjóvá-tryggingafélagi Íslands hf.

Í hinum áfrýjaða dómi er því lýst, að aðilar máls þessa sömdu um fjárhagslegt uppgjör vegna örorku aðaláfrýjanda. Gagnáfrýjendur undu því, að andlitslýti aðaláfrýjanda væru metin til varanlegrar örorku, og er örorkumatið ekki til álita í málinu að því leyti. Samkvæmt kröfugerð gagnáfrýjenda og málflutningi er ekki vefengt, að aðaláfrýjanda beri miskabætur til viðbótar þeim örorkubótum; sem um var samið, heldur er einungis deilt um fjárhæð þeirra.

Að þessu athuguðu ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Rétt er, að gagnáfrýjendur greiði óskipt aðaláfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn 50.000 krónur.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Gagnáfrýjendur, Sveinn Elfar Lárusson, Sigurður Sveinsson og Sjóvá-Almennar tryggingar hf., greiði óskipt aðaláfrýjanda, Önnu Björk Jónsdóttur, 50.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 28. apríl 1989.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 25. apríl sl., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 20. janúar 1989, af Önnu Björk Jónsdóttur, kt. 250269-3909, Selvogsgrunni 9, Reykjavík, á hendur Sveini Elfari Lárussyni, kt. 210662-4569, Heimahaga 5, Selfossi, Sigurði Sveinssyni, kt. 160536-4709, Súluhólum 2, Reykjavík, og Sjóvátryggingafélagi Íslands hf., kt. 580269-1339, Suðurlandsbraut 4, Reykjavík. Vegna sameiningar stefnda Sjóvátryggingafélags Íslands hf. við Almennar tryggingar hf. í Sjóvá-Almennar tryggingar hf. hefur hið nýja félag tekið við aðild málsins vegna hins stefnda tryggingafélags.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði in solidum gert að greiða stefnanda 2.000.000 kr. ásamt [nánar tilgreindum vöxtum auk málskostnaðar].

Dómkröfur stefndu eru þær, að stefndu verði aðeins gert að greiða stefnanda hluta hinnar umstefndu fjárhæðar, en málskostnaður falli niður.

Sættir voru reyndar árangurslaust.

Málsatvik og málsástæður stefnanda.

Stefnandi kveður umstefnda kröfu vera miskabætur og bætur fyrir þjáningar, lýti og röskun á stöðu og högum og fyrir allt óbeint tjón, er stefnandi varð fyrir í umferðarslysi 1. febrúar 1987 á mótum Kringlumýrarbrautar og Suðurlandsbrautar í Reykjavík. Stefnandi hefði verið ökumaður bifreiðarinnar R-5056, og hefði hún ekið norður Kringlumýrarbraut og ætlað áfram á grænu ljósi yfir gatnamót við Suðurlandsbraut. Bifreiðinni R-15030 hefði verið ekið suður Kringlumýrarbraut að gatnamótum Suðurlandsbrautar, eins og hún ætlaði áfram suður eftir Kringlumýrarbrautinni, en bifreiðin beygði á gatnamótum austur Suðurlandsbraut í veg fyrir bifreið stefnanda, svo að harður árekstur varð. Ökumaður bifreiðarinnar R-15030 hefði verið stefndi Sveinn Elfar Lárusson, en eigandi stefndi Sigurður Sveinsson. Stefnandi hefði slasast alvarlega. Hefði höfuð hennar rekist í framrúðu, og hefði hún verið mikið skorin í andliti af völdum glerbrota og nokkrar glerflisar í hægri auga. Margir þverlægir skurðir hefðu verið á enni og einnig skurðir á vinstri kinn og skurður yfir nefi. Sár hefði verið á hornhimnum beggja augna. Þá hefði verið stór skurður og djúpur neðan við hægri hnéskel. Hefði stefnandi verið fluttur á slysadeild Borgarspítalans í sjúkrabifreið kl. 3.19 1.2.1987, þar sem gert hefði verið að sárum hennar, og síðar sama dag, kl. 13.30, lagður bráðainnlögn á augndeild Landakotspítala, þar sem hún gekkst undir aðgerð í svæfingu. Í ljós hefði komið djúpur flipaskurður utarlega í hægri hornhimnu, sem náði niður í gegnum 9/10 af þykkt hornhimnunnar, en þó hvergi alveg í gegn. Mikið af glermylsnu hefði verið í sárinu. Auk þess hefðu verið grunnir skurðir þvert yfir hornhimnu „centralt“ og einnig grunnar rispúr utan til á hornhimnu, sem gengu út í hvítu, og hefðu þeir skurðir einnig verið með glermylsnu í. Á vinstra auga hefði verið rifa í slímhúð, ofan til á auganu, og þegar slímhúðinni var lyft frá, hefði komið í ljós djúpur flipaskurður í hvítu, sem náði þó hvergi alveg í gegn. Flipinn hefði verið saumaður við aftur og slímhúðin sömuleiðis. Vinstra auga hefði einnig verið marið innvortis, aðallega ofan og utan til. Hefði stefnandi auk þess verið með mjög mikið mar í augnlokum og skurði, sem voru hreinsaðir og saumaðir.

Stefnanda hefði heilsast vel, og hefði hún farið heim 7.2.'87.

Stefnandi hefði leitað til Ólafs Einarssonar, lýtalæknis við Landspítalann, 8. apríl 1987 til að fá lagfærð ör, er hún bar eftir slysið, einkum í andliti. Hefði hún verið með rauðleit ör, allmörg, á við og dreif á enninu miðju og einnig fyrir ofan vinstri augabrún, alveg upp undir hársvörð, sömuleiðis litla örmyndun með fyrirferðaraukningu við hægri, miðlæga augnkrókin. Hefði læknirinn ákveðið að biða með aðgerð, er framkvæmd var 17. desember 1987. Hefði þetta gróíð vel, og voru saumar teknir 23.

desember 1987. Hinn 25. apríl 1988 hefði verið fengin ljósmynd af andliti, sem sýni endanlegt útlit og árangur, og einnig við sama tækifæri fengin ljósmynd af örinu neðan við hægri hnéskel. Höfðu þá örin á enninu sem og fyrirferðaraukningin eitthvað skánað við aðgerðina, en lækknirinn hefði talið frekari aðgerðir ekki myndu bæta útlitið, svo að nokkru næmi, þótt hugsanlegt væri að taka upp örið undir hnéskelinni. Niðurstaða og álit læknisins sé svohljóðandi: „Sj. hefur, eftir að hafa lent í bílslysi hinn 2. febrúar 1987, hlotið varanleg ör í andliti, einkanlega á enni og nefrót, sem og langt ör, um 7-8 cm langt og 7-8 mm breitt, undir hægri hnéskel. Hin varanlegu mein eru einungis í formi lýta, engin hreyfihömlun eða lömun hefur orðið og „andlits-mikik“ (sic) er eðlileg. Meðfylgjandi ljósmyndir sýna glögglega endanlegt útlit og lýti af örunum.“

Samkvæmt vottorði Guðmundar J. Guðjónssonar, læknis við bæklunar-skurðeild Landspítalans, 18.8.1988, hefði stefnandi komið inn á bæklunar-skurðeild Landspítalans 29.3.1988 og þá verið talinn með slitinn liðþófa innanvert í vinstra hné. Hefði verið gerð á henni aðgerð 30.3.1988 og komið í ljós, að svo var, liðþófinn var skemmdur. Hefði það verið staðfest með speglun á liðnum. Í framhaldi af því hefði liðþófinn verið tekinn, og er stefnandi útskrifaðist 1.4., hefði hún verið með saumana í sér og gróandi sára sinna. Telji lækknirinn þetta liðþófaslit afleiðingu slyssins 1.2.1987, enda hefði hún ekki hlotið neinn áverka á hné í önnur skipti. Hefði hún fengið rifu á liðþófann í slysinu, og síðan hefði rifa þessi smátt og smátt stækkað, en við komu hefði hún verið með hálfgildings-læsingar á fætinum. Niðurstaða læknisins sé: „Ég tel, að hér sé um að ræða liðþófaslit, sem gert var við og kom vegna slyss, sem sjúkl. lenti í í febrúar 1987. Liðþófinn var tekinn í aðgerð 30.3.1988. Það er verra að hafa ekki liðþófa, það er meiri hættu á slitgigt í hnénu, að talið er. Þetta er eins og „stud-dempari“ þarna í hnénu. Hún stundar íþróttir og er í jazzballett, þannig að þetta getur verið dálítið bagalegt fyrir hana.“

Stefnandi hefði farið í örorkumat til Jónasar Hallgrímssonar yfirlæknis 8.8.1988, og skilaði lækknirinn örorkumati, dags. 13.9.1988. Örorka stefnanda vegna öranna í andlitinu sé þar metin 5% og vegna varanlegra skemmda í vinstra hné 10%, samtals 15%. Örorka hennar vegna slyssins sé því sem hér segi:

Frá slysinu í 1 mánuð 100%.

Síðan varanleg örorka 15%.

Örorkuútreikningur vegna framangreindrar örorku stefnanda hefði verið gerður af Jóni Erlingi Þorlákssyni, dags. 5. október 1988, og hefði honum reiknast höfuðstólsverðmæti vinnutekjutaps nema á slysdegi:

Vegna tímabundinnar örorku	kr.	35.000
Vegna varanlegrar örorku	—	1.645.800
Samtals	kr.	1.680.800

Örorkutjón stefnanda hefði fengist uppgert hjá Sjóváttryggingafélagi Íslands hf. með samkomulagi 14. nóvember 1988 með vöxtum og kostnaði, 1.464.141 kr., en hins vegar hefði ekki náðst samkomulag um fjárhæð miskabóta og bætur fyrir lýti og allt óbeint tjón, og sé mál þetta því höfðað.

Lagarök stefnanda.

Stefnandi vísar til VI. kafla umferðarlaga nr. 40/1968 um fébótaábyrgð og váttryggingu, einkum 1. mgr. 67. gr., 1. mgr. og 2. mgr. 69. gr. og 1. og 2. mgr. 74. gr. Enn fremur vísar stefnandi til almennu skaðabóta-reglunnar og til 264. gr. alm. hgl. nr. 19/1940. Þá vísar stefnandi til laga um váttryggingu nr. 20/1954.

Málsástæður stefndu.

Stefndu kveða ekki ágreining um bótaskyldu, heldur einungis um fjárhæð miskabóta. Þegar sé búið að greiða útlagðan kostnað, 35.040 kr., sbr. dskj. nr. 42, en skv. dskj. nr. 45 sjáist, að þessi fjárhæð sé hluti bótagreiðslunnar á dskj. nr. 44.

Kröfu um „miskabætur og bætur fyrir þjáningar, lýti og röskun á stöðu og högum og fyrir allt óbeint tjón“ er mótmælt sem allt of hárrí og í engu sámræmi við íslenskar dómvenjur. Stefndu leggja áherslu á, að læknað meti miska ætíð sem hluta þeirrar örorku, sem þeir meti. Sé sérstök ástæða til þess að vekja athygli á orðum Jónasar Hallgrímssonar læknis á dskj. nr. 37, sem þar segi í niðurstöðum hans, en þar meti hann stefnanda til varanlegrar örorku vegna öranna í andliti á 5%. Sé ljóst, að hlutur miska sé stór og hafi því verið bættur. Sé vísað til ritgerðar Páls Sigurðssonar, þáverandi tryggingayfirlæknis, um örorkumat í Tímariti lögfræðinga árið 1972, bls. 37-50.

Um fjárhæð miskabóta vísa stefndu til Hrd. 1985, bls. 655.

Stefndu mótmæla vaxtakröfu, bæði vaxtafæti, útreikningsaðferð og upphafstíma. Við ákvörðun vaxta af miskabótakröfu virðist eðlilegt að reikna vexti eins og um fjárhagstjón sé að ræða, ef miskinn er reiknaður á verðlagi slysdags. Sé miski hins vegar reiknaður á verðlagi við uppsögu dóms, sem virðist á margan hátt eðlilegra, þar sem meta verði miskann af mörgu, er gerist eftir slysdag, m.a. áhrifum slyss á hugarfar hins slasaða, hvernig meiðslin voru, hvort lækniðgerðir og sjúkdómslega hafi verið sársaukafullar og hvort hinn slasaði beri lýti eftir, þá ætti ekki að dæma vexti nema

frá lokum aðfararfrests eða uppsögu dóms, en ella ekki nema grunnvexti, þar sem höfuðstóllinn hafi notið fullrar verðtryggingar.

Þá halda stefndu því fram, að það sé gegn dómvenju að dæma dráttarvexti af skaðabótakröfum nema í fyrsta lagi eftir, að dómur er genginn.

III.

Niðurstaða.

Í máli þessu er eingöngu deilt um fjárhæð miskabóta vegna slyss þess, er stefnandi varð fyrir. Enginn ágreiningur er um bótaskyldu.

Þegar fyrir lá, hverjir varanlegir áverkar stefnanda myndu verða eftir slysið, var stefnandi metinn 10% varanlegur öryrki vegna skemmda í vinstra hné og 5% varanlegur öryrki vegna öranna, sem hún hlaut í andliti. Samkvæmt niðurstöðu örorkumatsins virðist mega fallast á það með lögmanni stefndu, að örorkan vegna andlitsmeiðslanna sé að verulegu leyti byggð á miska þeim, sem stefnandi varð fyrir, en bendi ekki til þess, að aflahæfi stefnanda hafi skerst vegna þeirra. Af hálfu stefndu er þess krafist, að miskabætur verði lækkaðar, m.a. með tilliti til þess, að stór hluti miska hafi þegar verið bættur með örorkutjónsuppgjörinu. Því hefur verið andmælt af hálfu stefnanda.

Aðilar sömdu um uppgjör utan réttar samkvæmt örorkutjónsútreikningi, sem reistur var á framangreindu örorkumati. Var í því uppgjóri tekið tillit til skattfrelsis bóta, og fór uppgjórið fram eins og um bætur vegna fjárhagslegs tjóns hefði verið að ræða. Á skaðabótakvittun, sem lögð hefur verið fram í málinu og rituð er á eyðublað frá Sjóvátryggingafélagi Íslands hf., er svohljóðandi áritun: „Greitt tímabundin og varanleg örorka, vextir, innheimtulaun (sic) og kostnaður. Eftir er að greiða skaðabætur vegna miska.“ Kvittunin er undirrituð af lögmanni stefnanda vegna stefnanda, og á hana er síðan ritað: „Samp. O.B.“. Samkvæmt kvittun þessari virðist ljóst, að aðilar voru eingöngu að semja um fjárhagslegt tjón stefnanda, og voru miskabætur undanskildar. Þrátt fyrir þær ályktanir, sem draga má af örorkumatinu um áhrif miska á þá niðurstöðu, verður að líta svo á, að aðilum hafi verið frjálst að semja sem þeir gerðu, og er ekki á það fallist, að stefndu geti nú krafist þess, að einhver óviss hluti þessarar fjárhæðar verði metinn til miska. Þá ber og að líta til þess, að stefndu krefjast ekki sýknu, þótt miski kynni að vera fullbættur að mati dómara með ofangreindri fjárhæð. Er ekki ljóst, við hvað beri að miða slíkan umfram misk. Af þessum sökum þykir verða að líta fram hjá framangreindum örorkubótum og meta miskann án tillits til þess, hverjar bætur stefnandi er búinn að fá vegna meints fjárhagslegs tjóns.

Með tilliti til áverka stefnanda og varanlegra afleiðinga þeirra svo og með vísan til sjúkrasögu hennar eftir slysið þykja hæfilegar miskabætur henni

1900

til handa ákveðnar 300.000 kr., og hefur þá verið tekið tillit til þess, að vextir leggjast á bæturnar frá slysdegi, en vextir ákvarðast eins og greinir í dómsorði.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefndu in solidum til að greiða stefnanda 84.000 kr. í málskostnað, og er þar með talinn söluskattur. Ber málskostnaður vexti eins og greinir í dómsorði.

Sigríður Ólafsdóttir borgardómari kvað upp dóminn.

D ó m s o r ð:

Stefndu, Sveinn Elfar Lárusson, Heimahaga 5, Selfossi, Sigurður Sveinsson, Súluhólum 2, Reykjavík, og Sjóvá-Almennar tryggingar hf., greiði in solidum stefnanda, Önnu Björk Jónsdóttur, Selvogsgrunni 9, Reykjavík, 300.000 kr. ásamt 10% ársvöxtum frá 2. febrúar 1987 til 21. febrúar s.á., með 11% ársvöxtum frá þeim degi til 14. apríl s.á., með hæstu innlánsvöxtum lánastofnana frá þeim degi til 25. maí 1988, en með hæstu dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr., sbr. 15. gr. I. nr. 25/1987, frá þeim degi til greiðsludags, þó þannig, að tímabilið 1. nóvember 1988 til 1. desember s.á. dæmast 27,2% ársvextir. Leggjast vextir við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 1. febrúar 1988. Þá greiði stefndu stefnanda 84.000 kr. í málskostnað, og ber hann dráttarvexti samkvæmt III. kafla I. nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.
